

1 Nú er rétti tíminn

- 2 • til að gera Ísland að landi jafnra tækifæra
- 3 • til að gera Ísland að landi sterkrar heilbrigðisþjónustu
- 4 • til að gera Ísland að landi stöðugleika og skynsamrar hagstjórnar
- 5 • til að gera Íslandi að landi grænnar orku og græns hagvaxtar
- 6 • til að gera Íslandi að landi þar sem þjóðin nýtur réttláttra auðlindagjalda

7 *Landsþing 11. febrúar 2023*

8 **Leysum heimilin úr vaxtahöftum krónunnar**

9 Heimili og fyrirtæki eru aftur farin að takast á við verðbólgu drauginn, sem átti að hafa verið
10 kveðinn niður. Ríkisstjórnin bendir á almenning en eyðir sjálf umfram efni og er ein helsta
11 ástæða aukinnar verðbólgu í landinu, líkt og Seðlabankinn bendir á. Ísland er ekki land ábyrgrar
12 hagstjórnar. Mikilvægasta verkefni stjórnmalanna í dag er að verja hagsmuni heimilanna með
13 því að sýna ábyrgð í fjármálum ríkisins. Vextir hér á landi eru þrefalt hærri en við sjáum í
14 nágrannalöndunum, til að vinna á sömu verðbólgu, með alvarlegum áhrifum á heimilin í landinu.
15 Ungt fólk þarf að þola vaxtahækkunar en fyrirtæki sem standa utan krónuhagkerfisins sleppa.
16 Heimilin, með sína krónu, fá ekki að sitja við sama borð og fyrirtæki í útflutningi, með sína
17 erlendu gjaldmiðla. Á Íslandi ríkir í raun fjölmyntakerfi sem veldur alvarlegri misskiptingu. Því er
18 Ísland land misskiptingar en ekki jafnra tækifæra. Til að jafna tækifærin og bæta
19 samkeppnishæfni þarf kerfisbreytingu í peningamálum.

20 **Tímasetjum og fjármögnum heilbrigðisáætlun**

21 Biðlistar eftir heilbrigðisþjónustu lengjast með hverju ári. Þjóðin er að eldast og þörf fyrir
22 þjónustu heilbrigðiskerfisins mun fara vaxandi á komandi árum. Takast þarf á við þennan vanda
23 tafarlaust. Viðreisn vill markvissa og ábyrga sókn til að efla heilbrigðisþjónustuna og auka
24 heilbrigði þjóðarinnar. Það er ekki þágu almannahagsmuna að láta fólk bíða eftir nauðsynlegri
25 þjónustu né að reka heilbrigðiskerfið stöðugt við þolmörk þess. Hugsa þarf til lengri tíma. Því er
26 mikilvægasta verkefnið að tryggja gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu með því að setja fram
27 tímasetta og fjármagnaða heilbrigðisáætlun og krabbameinsáætlun. Heilbrigðisþjónustan
28 þarfnast öflugrar starfsemi ríkisstofnana, almannaheillafélaga og einkaaðila. Til að ná fram

29 markmiðum um aðgengilega og góða heilbrigðisþjónustu þarf að auka framlög ríkisins til
30 heilbrigðisþjónustu og klára kostnaðargreiningu verka innan heilbrigðiskerfisins. Raunhæfasta
31 leiðin til að fjármagna heilbrigðiskerfið er að lækka vaxtaútgjöld ríkissjóðs.

32 **Vörðum leið að fullum orkuskiptum og grænum hagvexti**

33 Ísland hefur dregist aftur úr öðrum þjóðum í loftslagsmálum. Viðreisn tekur undir markmið
34 stjórnvalda um full orkuskipti og grænan hagvöxt. Til að ná fram þessum markmiðum þarf hins
35 vegar að gera áætlun til næstu 20 ára um orkuöflun. Eftir sex ára setu ríkisstjórnarinnar hefur
36 leiðin að fullum orkuskiptum ekki verið vörðuð og engin áætlun um nauðsynlega orkuöflun hefur
37 verið lögð fram. Viðreisn leggur áherslu á að hvatar, t.d. í formi gjalda á losun, séu nýttir í meira
38 mæli. Þeir leiða til hagkvæmasta samdráttar í losun, og skila tekjum sem nota má til að styðja
39 markmið um orkuskipti eða til að lækka önnur opinber gjöld. Tryggja skal þjóðinni eðlilegan hlut
40 af ávinning vindorkuvera, sem Viðreisn telur að renna eigi til innviðauppyggingar og
41 byggðanna.

42 **Nýtum markaðinn til að fá réttlát auðlindagjöld**

43 Viðreisn vill réttlát auðlindagjöld fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Viðreisn
44 treystir því að opin og gegnsær markaður fyrir nýtingarrétt af sjávarauðlindinni tryggi
45 sanngjarnasta gjaldið. Aðgerðaleyfi ríkisstjórnarinnar í auðlindamálum hefur beinlínis þann
46 tilgang að verja sérhagsmuni og koma í veg fyrir að almenningur fái eðlilegt gjald fyrir.

47 **Frjálslynd hugsun**

48 Viðreisn stendur fyrir frjálst samfélag. Athafnafrelsi, viðskiptafrelsi og frjáls samkeppni eru
49 forsenda fyrir virkum markaðsbúskap með jöfnum tækifærum, í samfélagi þar sem heimili og
50 fyrirtæki fá að dafna. Lokaskrefið til fullrar aðildar að Evrópusambandinu, að undangengnu
51 samþykki þjóðarinnar með þjóðaratkvæðagreiðslu, er leið að þessum markmiðum.